



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Almar Guðmundsson bæjarstjóri
Ráðhús Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 14. maí 2025.
Málsnr. 2504002
PBG/HH

Efni: Beiðni um tilnefningu í aðgerðahóp vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026.

Á 606. fundi stjórnar SSH, hinn 5. maí 2025, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2504002 - Almyrkvi á sólu 12.08.2026

Taka þarf til umræðu fyrirkomulag á skipulagi er varðar almyrkva á sólu 12. ágúst 2026. Meðfylgjandi eru hugmyndir Reykjavíkurborgar er varða framangreint. Fyrirliggjandi til kynningar er þá tillaga til þingsályktunar um skipun aðgerðahóps vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026 sem nú er til meðferðar Alþingis. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofu SSH er falið að óska eftir tilnefningum í aðgerðahóp vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026, til samræmis við fyrirliggjandi tillögu. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við Reykjavíkurborg mun annast utnumhald með vinnu hópsins og veita honum forstöðu.

Í framangreindri tillögu kemur m.a. eftirfarandi fram:

Hinn 12. ágúst 2026 verður almyrkvi á sólu sjáanlegur frá Íslandi í fyrsta sinn síðan 1954. Þetta er jafnframt fyrsti almyrkvinn sem sést frá Reykjavík síðan 17. júní 1433. Samkvæmt upplýsingasíðu Sævars Helga Bragasonar stjarnvísindamanns mun almyrkvinn standa yfir í 27 sekúndur í Mosfellsbæ. Í miðborg Reykjavíkur verður sólin almyrkvuð í um eina mínútu en við Gróttu á Seltjarnarnesi mun almyrkvinn standa yfir um 6 sekúndum lengur. Í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði verður sólin almyrkvuð í um það bil eina mínútu – ögn lengur vestast í bæjarfélögunum, eins og við Sky Lagoon, úti á Bessastöðum og Hvaleyri.

Búið er við miklum fjölda íbúa sem og erlendra og innlendra ferðamanna á ákveðin svæði á höfuðborgarsvæðinu þar sem almyrkvinn sést lengst. Mikilvægt að undirbúa þennan atburð vel til að koma í veg fyrir umferðarstíflur og gæta að öryggi allra ásamt því að skoða hvort bjóða eigi upp á einhverja þjónustu eða upplifun á helstu svæðunum.

Er því gert ráð fyrir að að stofnaður verði aðgerðahópur skipaður fulltrúum frá öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu auk fulltrúa frá Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins til að vinna að tillögum um aðgerðir til að bregðast við framangreindu. **Aðgerðahópin skipa einn fulltrúi frá skipulags- eða samgöngudeildum í hverju sveitarfélagi** auk upplýsingafulltrúa frá Reykjavíkurborg og fulltrúa Markaðsstofu. Kallað verður eftir samráði frá öðrum hagaðilum innan sveitarfélaga og utan svo sem lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, viðburðadeildum sveitarfélaga, rekstraraðilum og fleiri. Aðgerðahópurinn skal skila aðgerðaáætlun eigi síðar en 15. september 2025.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Er á grundvelli framangreinds óskað eftir tilnefningu á einum fulltrúa frá skipulags- eða samgöngusviði sveitarfélagsins. Tilnefning berist í netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 25. maí nk.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri